

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Borgarbyggð.

Niðurskógur í landi Húsafells 3. Deiliskipulagsbreyting.

Skipulags- og byggingarnefnd, sem fer með fullnaðarafgreiðsluvald sveitarstjórnar skv. samþykkt um stjórn Borgarbyggðar, samþykkti breytingu á deiliskipulagi Niðurskógar í landi Húsafells 3 frá árinu 2003, á fundi sínum 2. júní 2023. Breytingin tekur til stækkunar og hliðrunar á byggingarreit og aukningu á hámarksbyggingarmagni fyrir eina lóð, Hraunbrekkur 34. Gerð var breyting á aðal-skipulagi samhliða.

Skipulagsáætlunin hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 kveða á um og öðlast þegar gildi.

Borgarbyggð, 13. september 2023.

F.h. skipulagsfulltrúa,

Þóra M. Júlíusdóttir verkefnastjóri skipulagsmála.

B-deild – Útgáfudagur: 27. september 2023